



**Ávarp forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
við opnun sýningar  
“Fra Snorri til CD-ROM”  
í Helsinki  
26. ágúst 1997**

Heiðruðu gestir.

Það eru sögurnar og ljóðin, skáldskapurinn, orðsins list sem umfram annað hefur skapað þjóðarvitund okkar, fært okkur kjölfestu sem dugað hefur vel í ölduróti langrar sögu.

Íslensk þjóð væri varla sjálfstæð og fullvalda í samfélagi heimsins ef snillingar hefðu ekki til forna skráð ódauðlegar bókmenntir á kálfskinn. Snorri Sturluson, víðfrægur valdastreitumaður og kvennagull á sinni tíð, fæddur í sýslu Leifs heppna Eiríkssonar sem reyndar fann áður Ameríku 500 árum á undan Christopher, - Snorri sem síðar sat bæði Bessastaði þar sem nú er bústaður forsetans og einnig Reykholt, færði okkur gullaldartexta, þjóðargersamar, orðsins kastala og kirkjur, klæddar í nýjan búning af hverri kynslóð og hér í dag á CD-ROM og senn í þrívídd á alnetinu.

Margir óttuðust að ofurvald tækni og afþreyingariðnaðar myndi deyfa áhuga á ljóði og texta, og draga allan mátt úr nýsköpun bókmenntanna.

Reyndin hefur blessunarlega orðið önnur. Tæknin hefur skapað nýja útbreiðslutíð og ungar kynslóðir sækja af krafti í gömul vé og fagna nýjum ritsmíðum.

Það er mér því mikil ánægja að opna þessa fjölbreyttu sýningu á fyrsta degi heimsóknar til Finnlands. Sýningin sannar að sóknarkraftur býr enn í íslenskum skáldum, rithöfundum og útgefendum.

Þessi kraftur hvílir ekki aðeins á traustri hefð, hann hefur einnig sótt afl í nýja bylgju skáldsagna og ljóða sem sett hefur svip á íslenskar

bókmenntir á þessum áratug í kjölfar gróskunnar sem fór að birtast nokkrum árum fyrr.

Á margan hátt búum við nú við nýja gullöld íslenskra bókmennta. Rithöfundar og skáld á góðum aldri, sum enn ung, færa okkur á hverju ári ný verk sem endurskapa skilning okkar á samtíð og sögu. Mörg þessara verka hafa verið þýdd á tungur annarra Evrópuþjóða og hlotið þar mikla athygli. Nokkur eru nú þegar tilefni til kvikmyndagerðar eins og til dæmis Djöflaeyjan; kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar gerð eftir samnefndri skáldsögu Einars Kárasonar hlaut nýlega Amanda-verðlaunin sem besta norræna kvikmyndin.

Það er greinilega frumkraftur í íslensku þjóðlífi og bókmenntahefð. Nýjar kynslóðir breyta honum í listaverk sem eiga erindi við aðrar þjóðir, alla menn á okkar tímum, framlag íslenskrar listar til að samtíminn geti náð áttum og við öll fótað okkur í framtíðinni.

Íslensk náttúra sem hér blasir við í undrafögnum bókum er tvímælalaust einnig ábyrgðaraðili á þessum sköpunarkrafti. Við færum henni þakkir með verkum snjallra ljósmyndara og hæfileikraríkra prentiðnaðarmanna sem sýna okkur hér í dag litasinfóníu Íslands í allri sinni dýrð.

Ég færi öllum sem skapað hafa þessa sýningu kærar þakkir og vona að finnskir vinir okkar og frændur njóti vel.

Sýningin “Fra Snorri til CD-ROM” er hér með opnuð.